

Nr. 17.
29. sept.

Bráðabirgðalög

um

heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 og lögum 9. septbr. 1915.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnegum tillögum Stjórnarráðs Íslands um að nauðsyn beri til vegna viðskiftalífsins að auka veltufje á Íslandi um stundarsakir, fram yfir það, er heimilað var á síðasta Alþingi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ráðherra Íslands heimild til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 og lögum 9. sept. 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905, 4. gr. og lögum 9. september 1915, um alt að eina miljón króna, gegn öllum þeim sömu skilyrðum, sem í 1. gr. 1.—3. lið nefndra laga 9. septbr. 1915 greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka janúarmánaðar 1916, enda skal bankinn, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar síns, þá hafa innleyst alla þá seðlaupphæð, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Árósum, 29. september 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.